

Menntaskólinn á Tröllaskaga
02 372

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---------------------------------------|-------------|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 5 |
| Skýringar | 6 |

Menntaskólinn á Tröllaskaga
kt. 690310-0820
Ægisgötu 13, 625 Ólafsfirði

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menntaskólinn á Tröllaskaga í Ólafsfirði hóf störf haustið 2010. Skólinn starfar eftir nýjum lögum um framhaldsskóla sem gefa aukið svigrúm í námsvali. Skólinn býður upp á metnaðarfullt nám með fjölbreyttum kennsluháttum sem miða að virkni nemenda og sjálfstæði. Meðalnámstími til stúdentsprófs er 3 ár.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 383,0 milljónir og afkoma kr. -11,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -2,8 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 58,4 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Menntaskólans á Tröllaskaga í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menntaskólans á Tröllaskaga fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Lára Stefánsdóttir,
skólameistari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|--|------|---------------------|---------------------|
| Tekjur | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 344.885.000 | 335.613.000 |
| Aðrar tekjur | 3 | 24.547.400 | 23.231.345 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 4 | 7.865.167 | 2.247.982 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 5.726.589 | 5.366.579 |
| Tekjur samtals | | 383.024.156 | 366.458.906 |
| Gjöld | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 5 | 322.914.735 | 327.327.511 |
| Annar rekstrarkostnaður | 6 | 65.595.375 | 46.690.571 |
| Afskriftir | 7 | 5.726.589 | 5.366.579 |
| Gjöld samtals | | 394.236.699 | 379.384.661 |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði | | (11.212.543) | (12.925.755) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (10.920) | (22.150) |
| | | (10.920) | (22.150) |
| Afkoma ársins | | (11.223.463) | (12.947.905) |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

| | Skýr | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|------|--------------------|-------------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 8 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 13.114.570 | 13.729.237 |
| Farartæki og vélar | | 38.938 | 42.994 |
| Aðrar eignir | | 3.715.095 | 3.715.545 |
| Fastafjármunir samtals | | <u>16.868.603</u> | <u>17.487.776</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Tengdir aðilar | 9 | 22.556.785 | 38.776.908 |
| Handbært fé | 10 | 19.004.164 | 17.521.671 |
| Veltufjármunir samtals | | <u>41.560.949</u> | <u>56.298.579</u> |
| Eignir samtals | | <u>58.429.552</u> | <u>73.786.355</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | 11 | | |
| Hrein eign | | (2.847.819) | 8.375.644 |
| Eigið fé samtals | | <u>(2.847.819)</u> | <u>8.375.644</u> |
| Skuldir | | | |
| Tengdir aðilar | 9 | 228.059 | 185.421 |
| Viðskiptaskuldir | | 14.703.240 | 14.560.673 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 12 | 23.569.645 | 28.090.319 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 13 | 22.776.427 | 22.574.298 |
| Skuldir samtals | | <u>61.277.371</u> | <u>65.410.711</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>58.429.552</u> | <u>73.786.355</u> |
| Aðrar upplýsingar | 14 | | |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

| | Skýr | 2022 | 2021 |
|--|------|---------------------|---------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (11.223.463) | (12.947.905) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 7 | 5.726.589 | 5.366.579 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (5.726.589) | (5.366.579) |
| | | <u>(11.223.463)</u> | <u>(12.947.905)</u> |
| Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna: | | | |
| Tengdir aðilar | | 17.084.063 | (2.349.972) |
| Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (4.378.107) | 9.588.618 |
| | | <u>12.705.956</u> | <u>7.238.646</u> |
| | | <u>1.482.493</u> | <u>(5.709.259)</u> |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | | | |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 8 | (5.128.698) | (3.404.897) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 350.000 | 0 |
| | | <u>(4.778.698)</u> | <u>(3.404.897)</u> |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Fjárfestingarframlag | | 4.778.698 | 3.404.897 |
| | | <u>4.778.698</u> | <u>3.404.897</u> |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | | |
| Handbært fé í byrjun árs | | 1.482.493 | (5.709.259) |
| | | <u>17.521.671</u> | <u>23.230.930</u> |
| | | <u>19.004.164</u> | <u>17.521.671</u> |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innritunargjöldum nemenda.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|------------------------------|-------------------|
| Áhöld, tæki og búnaður | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar | 8-15 ár |
| Aðrar eignir | óafskrifað / 0 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

| | 2022 | 2021 |
|-----------------------------------|--------------------|--------------------|
| 2 Tekjufærsla fjárveitinga | | |
| Fjárveiting ársins | 344.885.000 | 335.613.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 5.726.589 | 5.366.579 |
| | <u>350.611.589</u> | <u>340.979.579</u> |

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

| | Rekstur | Rekstrar- tilfærslur | Fjármagns- tilfærslur | Samtals |
|---|---------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 338.400.000 | 0 | 0 | 338.400.000 |
| Launabætur | 2.700.000 | 0 | 0 | 2.700.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 3.785.000 | 0 | 0 | 3.785.000 |
| Fjárveiting til tekna | 344.885.000 | 0 | 0 | 344.885.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ... | (356.108.463) | 0 | 0 | (356.108.463) |
| Staða fjárveitinga ársins í lok árs | (11.223.463) | 0 | 0 | (11.223.463) |

| | 2022 | 2021 |
|-------------------------------|-------------------|-------------------|
| 3 Aðrar tekjur | | |
| Sala á vöru og þjónustu | 24.547.400 | 23.231.345 |
| | <u>24.547.400</u> | <u>23.231.345</u> |

4 Framlög og ýmsar tekjur

| | | |
|---|------------------|------------------|
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta | 1.140.000 | 340.000 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 6.725.167 | 1.907.982 |
| | <u>7.865.167</u> | <u>2.247.982</u> |

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

| | | |
|----------------------------|--------------------|--------------------|
| Laun | 261.454.458 | 258.070.401 |
| Orlof, breyting | 436.415 | 9.270.522 |
| Launatengd gjöld | 60.309.862 | 58.605.213 |
| Starfsmannakostnaður | 714.000 | 1.381.375 |
| | <u>322.914.735</u> | <u>327.327.511</u> |

| | | |
|------------------------------|------|------|
| Meðalfjöldi stöðugilda | 23,3 | 22,9 |
|------------------------------|------|------|

Skýringar

| | 2022 | 2021 |
|--|------------|------------|
| 6 Annar rekstrarkostnaður | | |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 369.662 | 442.203 |
| Byggingarvörur, almennar | 22.338 | 42.124 |
| Byggingarvörur, aðrar | 21.329 | 0 |
| Ýmis tæki og áhöld | 994.967 | 503.492 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 24.041 | 76.120 |
| Orkugjafar | 2.526.120 | 2.711.289 |
| Matvæli | 2.150.121 | 1.609.001 |
| Almennar rekstrarvörur | 1.244.512 | 559.588 |
| Vörukaup, almenn | 7.353.090 | 5.943.817 |
| Kennslu- og fönðurvörur | 616.725 | 190.738 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 0 | 121.794 |
| Vörukaup, sérgreind | 616.725 | 312.532 |
| Fundir, námskeið, risna | 3.202.306 | 1.266.510 |
| Ferðir, upphald | 11.998.759 | 2.542.872 |
| Akstur | 3.182.868 | 1.029.298 |
| Sérfræðiþjónusta | 5.180.982 | 7.567.122 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 486.978 | 395.616 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 1.257.750 | 1.166.845 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 735.021 | 423.616 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 26.044.664 | 14.391.879 |
| Afnotagjöld | 7.070.182 | 5.366.454 |
| Leigugjöld | 21.504.103 | 17.564.790 |
| Notkun véla og flutningatækja | 486.449 | 756.501 |
| Verkkaup | 1.307.130 | 1.069.255 |
| Kostnaðarhlutdeild | 1.112.568 | 1.207.414 |
| Opinber gjöld | 21.600 | 5.921 |
| Tilfærslur | 78.864 | 72.008 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 31.580.896 | 26.042.343 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 65.595.375 | 46.690.571 |
| 7 Afskriftir | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 5.722.083 | 5.362.073 |
| Farartæki og vélar | 4.056 | 4.056 |
| Aðrar eignir | 450 | 450 |
| | 5.726.589 | 5.366.579 |

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

8 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | | |
|------------------------------|-------------------|-------------------|
| Áhöld, tæki og búnaður | 13.114.570 | 13.729.237 |
| Farartæki og vélar | 38.938 | 42.994 |
| Aðrar eignir | 3.715.095 | 3.715.545 |
| | <u>16.868.603</u> | <u>17.487.776</u> |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Farartæki og vélar | Aðrar eignir | Samtals |
|-----------------------------|---------------------------|-----------------------|------------------|--------------------|
| Staða 01.01.2022 | 132.337.793 | 60.832 | 4.825.432 | 137.224.057 |
| Viðbætur á árinu | 5.128.698 | 0 | 0 | 5.128.698 |
| Selt/úrelt á árinu | (153.100) | 0 | 0 | (153.100) |
| | <u>137.313.391</u> | <u>60.832</u> | <u>4.825.432</u> | <u>142.199.655</u> |
| Afskriftir 01.01.2022 | 118.608.556 | 17.838 | 1.109.887 | 119.736.281 |
| Afskrift ársins | 5.722.083 | 4.056 | 450 | 5.726.589 |
| Selt/úrelt á árinu | (131.818) | 0 | 0 | (131.818) |
| | <u>124.198.821</u> | <u>21.894</u> | <u>1.110.337</u> | <u>125.331.052</u> |
| Staða 31.12.2022 | <u>13.114.570</u> | <u>38.938</u> | <u>3.715.095</u> | <u>16.868.603</u> |

31.12.2022 31.12.2021

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

| | | |
|---|-------------------|-------------------|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 22.556.785 | 38.776.908 |
| | <u>22.556.785</u> | <u>38.776.908</u> |

Skuldir við tengda aðila:

| | | |
|---|----------------|----------------|
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 228.059 | 185.421 |
| | <u>228.059</u> | <u>185.421</u> |

10 Handbært fé

| | | |
|-----------------------|-------------------|-------------------|
| Tékkareikningar | 19.004.164 | 17.521.671 |
| | <u>19.004.164</u> | <u>17.521.671</u> |

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 18,6 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|----------------------|--------------------|------------------|
| Hrein eign | | |
| Jöfnuður 1.1. | 8.375.644 | 21.323.549 |
| Afkoma ársins | (11.223.463) | (12.947.905) |
| Jöfnuður 31.12. | <u>(2.847.819)</u> | <u>8.375.644</u> |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|----------------------------------|-------------------|-------------------|
| 12 Ýmsar skammtímaskuldir | | |
| Ógreitt orlof | 13.252.315 | 12.815.900 |
| Önnur ógreidd gjöld | 10.317.330 | 15.274.419 |
| | <u>23.569.645</u> | <u>28.090.319</u> |

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2022 | 31.12.2021 |
|---|-------------------|-------------------|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 16.868.603 | 17.487.776 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga | 5.907.824 | 5.086.522 |
| | <u>22.776.427</u> | <u>22.574.298</u> |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|--|-------------------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Staða 01.01.2022 | 17.487.776 | 5.086.522 | 22.574.298 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 5.600.000 | 5.600.000 |
| Bókfært verð seldra eigna | (21.282) | 21.282 | 0 |
| Áhrif seldra eigna | 0 | 328.718 | 328.718 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 5.128.698 | (5.128.698) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (5.726.589) | 0 | (5.726.589) |
| | <u>16.868.603</u> | <u>5.907.824</u> | <u>22.776.427</u> |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 5,2 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabunda skuldbindandi samninga um húsnæði. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 27,4 milljónum. Einnig er stofnunin með ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga, árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 5,4 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.